



Borgarráð

Framlag til Þjóðarleikvangs ehf. vegna markaðskönnunar og rekstrar

Lagt er til að 11,5 m.kr. verði lagðar til Þjóðarleikvangs ehf. annars vegar 6 m.kr. til þess að ráðast í markaðskönnun skv. tillögu stjórnar og hins vegar 5,5 m.kr. til þess að tryggja rekstur félagsins tímabilið 1. júlí 2022 til 30. júní 2023. Áætlað er að kostnaður sem falli til árið 2022 verði 8,75 m.kr. en árið 2023 verði fjárhæðin 2,75 m.kr. Framlagið verði samþykkt með fyrirvara um að ríkið og KSÍ leggi til sambærilegt framlag í hlutfalli við eignaraðild sína. Fjármála- og áhættustýringarsviði verði falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun í samræmi við tillöguna.

Greinargerð:

Þjóðarleikvangur ehf. er í sameiginlegri eigu Reykjavíkurborgar (50%), Ríkisins (42,50%) og KSÍ (7,50%). Fyrir liggur vilji stjórnar til að ráðast í framkvæmd markaðskönnunar (Request for Information, RFI) á meðal alþjóðlegra rekstraraðila sem líklegir eru til að sýna því áhuga að bjóða í rekstur nýs þjóðarleikvangs í knattspyrnu. Gert er ráð fyrir að farið verði í slíka markaðskönnun án allra skuldbindinga af hálfu eigenda umfram þann kostnað sem það felur í sér að framkvæma slíka könnun. Markaðskönnunin mun byggja á greiningu AFL og því er ekki talin þörf á frekari greiningarvinnu til þess að undirbúa hana. Sjá nánar í minnisblaði stjórnar Þjóðarleikvangs dags. 10. febrúar 2021. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði allt að 12 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til óvissu um kostnaðarbreytingar frá því tillagan var upprunalega sett fram. Hlutur Reykjavíkurborgar er 50% af þeirri fjárhæð.

Þá er lagt til að borgarráð samþykkti framlag til rekstrar Þjóðarleikvangs ehf. að fjárhæð samtals 5,5 m.kr. til að tryggja rekstur félagsins til 30. júní 2023. Samtals er gert ráð fyrir að reglubundin rekstrarútgjöld nemi 11 m.kr. á ársgrundvelli og er hlutur Reykjavíkurborgar 50% af þeirri fjárhæð.

Vakin er athygli á því að Borgarráð samþykkti á fundi sínum þann 3. feb. sl. 10 m.kr. til að standa straum af rekstri ársins 2021 og fram til 30. júní 2022. Samþykktin var með fyrirvara um sambærilegt framlag frá eigendum í hlutfalli við eign sína í félaginu.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri